

Alþingi
Erindi nr. P 127/643
komudagur 28.1.2002

Iðnráð Reykjavíkur
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2002.

Iðnaðarráðuneytið hefur sent Iðnráði Reykjavíkur nefndarálit iðnaðarnefndar Alþingis um frv. um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum. Af þeim sökum finnst stjórn Iðnráðs Reykjavíkur nauðsynlegt að gera athugasemdir við nefndarálitið.

Iðnaðarnefndin segir réttilega að ekki hafi verið nægilega vel búið að iðnráðum í gegnum tíðina, en sú niðurstaða að því sé best að leggja þau niður verður í besta falli spaugileg við skoðun. Stjórn Iðnráðs Reykjavíkur er á því að iðnaðarmenn séu best bærir til þess að fjalla um sín málefni, því þeir þekkjast best hvað við á hverju sinni.

Í nefndarálitinu segir að nefndin líti svo á að heppilegast sé að einfalda það ferli sem umsækjandi þarf að ganga í gegnum til að fá meistarabréf útgefið. Ekki verður séð að ferli umsækjanda verði einfaldara, hann verður eftir sem áður að sækja um til lögreglustjóra og leggja fram tilskilin gögn og bíða síðan eftir meistarabréfinu. Lögreglustjórar og sýslumenn þurfa að sannreyna gildi meðfylgjandi gagna í stað þess að láta iðnráðin gera það, svo einföldunin verður ekki merkanleg hjá umsækjanda. Þá má líka benda á það, að hér er ekki um framleiðslu að ræða, þar sem mest á ríður að afgreiða sem flesta meistara á sem skemmstum tíma. Ennfremur má geta þess að bæði lögreglustjóraembættið og sýslumenn senda oft umsóknir um meistarabréf til Iðnráðs Reykjavíkur, þar sem vantar gjarnan öll vinnutímavottorð undir stjórn meistara og jafnvel vantar afrit af sveinsbréfi. Það fyllir okkur ekki öryggiskennd um að gætt verði þess að lögum og reglum verði fylgt.


Í nefndarálitinu er bent á að í vafatívikum gæti lögreglustjóri leitað álits t.d. landssamtaka meistara og sveina. Slík samtök eru engin til, þótt til séu samtök sveina og meistara í fáeinum sérgreinum.


Að endingu viljum við áréttast það að frumvarpið eins og iðnaðarráðherra lagði það fram í fyrstu, teijum við hafa verið mjög til bóta, og góð lausn á málinu væri að okkar mati ef iðnaðarnefnd afgreiddi það þannig til meðferðar Alþingis.

Virðingarfyllt,

f.h. Iðnráðs Reykjavíkur


Guðmundur Eggertsson


Lúther Jónsson


Benedikt Sigurjónsson

Afrit sent
iðnaðarráðuneyti